

Reglugjörð

60
22. apríl

um breyting á reglugjörð 2. nóv. 1917 fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og reglugjörð um breyting á þeirri reglugjörð 23. júlí 1919.

1. Á undan síðustu málsgrein 12. gr. reglugjörðar 2. nóv. 1917 komi ný málsgrein svo hljóðandi: „Þeir fjenaðareigendur, sem hafa allan fjallskilaskyldan fjenað sinn í fjárheldum girðingum að sumrinu, skulu losna við að greiða $\frac{1}{4}$ fjallskilakostnaðar móts við aðra fjenaðareigendur upprekstrarfjelagsins“.
2. Á eftir orðunum „Til Stafnsrjettar“ í reglugjörð 23. júlí 1919 komi „og Auðkúlurjettar“.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. grein sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júní 1922, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. apríl 1922.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.